

Nd.

294. Frumvarp til laga

[143. mál]

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum svo og lestum fiskiskipa. Skal þess sérstaklega gætt, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan atvinnumálaráðuneytisins. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á undanförnum vetrarvertíðum er talið að komið hafi í ljós í ýmsum verstöðvum, að nokkrir fiskibátar væru svo illa hirtir og útbúnir, að nýr fiskur skemmdist í þeim eftir eins dags útivist. Hafa borizt kvartanir erlendis frá um skemmdir í frystum fiski, er sendur hafði verið á erlendan markað, og þóttust fiskmatsmenn og trúnaðarmenn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna geta rakið þessar skemmdir í fiskinum til óþrifnaðar í þeim bátum, sem notaðir höfðu verið til veiðanna.

Atvinnumálaráðuneytið og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafa gert ráðstafanir til að fyrirbyggja, að skemmdir komi fram í fiski af þessum sökum. Einn liður í þeim ráðstöfunum er, að skipaefirlitið líti eftir hreinlæti í lestum fiskiskipa, um leið og skipin koma til skoðunar. Fram til þessa hafa skipaskoðunarmenn einungis talið sér skylt að líta eftir hreinlæti í vistarverum og forðageymslum skipa, en með frumvarpi þessu er þeim einnig gert skylt að líta eftir því, að lestir fiskiskipa og báta séu vel hirtar og hreinar.